



Bergmál eftir Helga Porgils.

Myndefnið í aðalhlutverki

Í dag kl. 16 verður opnuð sýning á nýjum verkum eftir Helga Porgils Friðjónsson að Kjarvalsstöðum. Þetta er önnur bódýning Listasafns Reykjavíkur á árinu og stendur hún til 21. maí. Eftir það verður sýningin send utan, fyrst til Norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg í Svíþjóð þar sem hún verður opnuð 16. júní, þaðan til Galleri NEMO í Eckernförde í Þýskalandi og loks til Rovaniemi listasafnsins í Finnlandi.

Það er einkum fyrir samvinnu Sveaborgar og Kjarvalsstaða sem sýningin kemst í þessi ferðalög, en í tilefni þeirra er sýningarskrá einkar vegleg og hún og veggspjöld prentuð á fjórum tungumálum.

Helgi Porgils er talinn meðal fremstu listamanna hér á landi af sinni kynslóð og vakti strax athygli og umtal þegar hann kom fram á sjónarsviðið fyrir um tíu árum. Hann var þá einn af fáum íslenskum listamönnum af yngstu kynslóðinni sem hélt sér við hefðbundin efni og aðferðir í málverkinu. Hugmyndin eða myndefnið hefur alltaf gegnt jafnstöru hlutverki og formræn útfærsla í verkum hans. Verk Helga eru í hæsta máta vitsmunaleg, jafnframt því sem listrænt næmi hans hefur alið af sér nýja og persónulega sýn.

Helgi hefur vakið athygli erlendis og eru verk eftir hann á listasöfnum í Svíþjóð, Danmörku og Þýskalandi.

Glíman við að þýða

Félag áhugamanna um bókmenntir heldur í dag kl. 14 fund um bókmenntaþýðingar í stofu 101 í Lögbergi. Framsögumenn eru Ástráður Eysteinnsson sem talar um þýðingar og íslenska bókmenntasögu eftir stríð, Ingibjörg Haraldsdóttir sem nefnir fyrirlestur sinn „Vort daglega þýðingarstred“ og Jón Óskar sem talar um ljóðaþýðingar.

Í fréttabréfi FAB er tekin þessi klausa frá Milan Kundera: „Þýðendur: mér hættir til að vera

harðdórur í þeirra garð en það er ósanngjarnt. Laun þeirra eru léleg, virðing engin, meðferðin á þeim slæg og til þeirra eru gerðar tvenns konar kröfur sem ekki er auðvelt að samræma: að vera að öllu leyti samboðnir höfundinum – en samt sem áður að vera honum fullkomlega undirgefnir. Ægilegt. Þó eru það þeir sem gera okkur kleift að hrærast á alþjóðlegu sviði heimsbókmenntanna; á sinn hógværa hátt leggja þeir grundvöll að Evrópu, Vesturlöndum.“

Útigangsfólkið

bandarísk þjóðarskömm

Bandaríkin eru ríkt samfélag eins og allir vita. En þau hafa um margt gisnara öryggisnet fyrir þá sem undir verða í lífsslagnum en t. a. m. evrópsk samfélög. Til að mynda segja opinberar skýrslur að um 400 þúsund Bandaríkjamenn eigi hvergi höfði að halla. Þar af séu í New York einni um 60 þúsundir manna sem ekkert húsakjól hafa. Aðrir telja þessa tölu miklu hærri – athugun sem fram fór á vegum Kaliforníuháskóla segir að heimilisleysingar, útigangsmenn, séu líkast til þrjár milljónir.

Náttból neðanjarðar

Og þeim fer mjög fjölgandi. Tökum dæmi af þeim sem „búa“ í neðanjarðarlestinni í New York. Þeir hafast við á bekkjum ofanjarðar á daginn, en þegar kvöldar leita þeir sér skýlis í neðanjarðarlestinni. Setjast kannski upp í vagn og eru þar alla nóttina – þetta er tiltölulega hættulaust og hlýtt skýli fyrir þá. Íbúum lestanna fjölga jafnt og þétt – fyrir svo sem átta árum, segir einn starfsmaður neðanjarðarbrautanna voru þeir 2-3 í allri lestinni (sumar lestir eru vinsælli en aðrar, best er sú sem aldrei kemur upp á yfirborðið). En nú eru þeir kannski sex eða sjö í einum vagni.



Einn af neðanjarðaríbúum New York-borgar kemur upp í sólskinið.

Aðrir farþegar eru lítt hrifnir af þessum næturgestum, sem eru einatt ekki beinlínis þríflegir útlits og margir hafa ekki getað þvegið sér vikum saman. En það þýðir lítið að ganga á milli þeirra og bjóða þeim húsakjól til dæmis í náttbólum borgarinnar. Þar eru eitrufljammenn yfirgangssamir, barsmíðar, nauðganir og önnur ofbeldisverk tíð – margir

geta ekki minnst veru sinnar þar án þess að fyllast skelfingarhrolli.

Latir og geðbillaðir?

Oft er látið að því liggja í blöðum, að heimilisleysingarnir séu letidraugar eða geðbillað fólk sem ekki vilji vinna fyrir sér eða geti það ekki. Þessu andmæla margir

Listin að vera eigin

Nú seljast sem aldrei fyrr leiðbeiningabækur um það hvernig maður á að láta sér líða vel, hvað sem öllum öðrum líður

Hvernig á maður að verða fallettri, ríkari og betri? Um þetta fjalla ótal bækur á markaði austan hafs sem vestan og þær seljast eins og heitar lummur.

Vikublaðið Spiegel tekur dæmi af hálfsextugum Austurríkismanni, sem Josef Kirschner heitir. Hann hefur skrifað einar sextán leiðbeiningabækur um það hvernig menn eigi að koma sér þægilega fyrir í heiminum með sjálfsefni og slóttugheitum. Heiti bókanna segja sína sögu, ein nefnist „Listin að vera eiginjarn“, önnur heitir „Að fjarstýra fólki – en á réttan hátt“ og hin þriðja „Hjálpaðu þér sjálfur – annars hjálpar þér enginn“.

Á leið inn í sig

Útgefnur vita mætavel að fólkið „er á leið inn í sig“. Og dæmi segir fyrrnefnt vikublað af einu þýsku forlagi, sem hefur gefið út alls 350 kiljur sem kenna mönnum allar hugsanlegar leiðir til að lifa af í samtímanum. Stórar bókaverslanir safna í deildina „Velgengni og heilsa“ ca. 3500 titlum um það hvernig menn geta gert umbætur á sjálfum sér, hvort heldur það er í því fólgið að ná af sér aukakílóum, peningasorgum, ástasorgum, leysa úr árekstrum við sína nánustu eða kasta af sér vanmetakennd.

Kauptu þér ráðið rétta

Öllum steinum er við velt, ekkert svið er látið afskiptalaust, ekkert hvunnagsmál er til sem ekki er leyst með eldhressri ráðgjöf. Ein bókin kennir mönnum að skreyta svarir sínar sér til farsældar, önnur að grilla mat, hin

Útboð

Austurlandsvegur



Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í lagningu tveggja kafla á Austurlandsvegi í Suður-Múlasýslu: Fossárvík – Framnes (12 km) og Merki – Valtýskambur (3 km). Helstu magnbólur: Fyllingar 33.000 m³, skeringar 36.000 m³, þar af bergskeringar 5.000 m³, burðarlög 54.000 m³ og rofvörn 5.000 m³. Verki skal að fullu lokið 1. júlí 1990. Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins á Reyðarfirði og í Reykjavík (aðalgjaldkera) frá og með 9. þ.m. Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14.00 þann 22. maí 1989.

Vegamálastjóri

Auglýsið í Nýju Helgarblaði

Sími: 681333



ALPÝÐUBANDALAGIÐ

Alpýðubandalagið í Kópavogi

Morgunkaffi

laugardaginn 6. maí milli 10 og 12 verður Valþór Hlökkversson bæjarfulltrúi á skrifstofunni, Þinghól, Hamraborg 11. Heitt kaffi á könnunni. Allir velkomnir.

SUMARTÍMI

Skrifstofa Alpýðubandalagsins í Miðgarði, Hverfisgötu 105, Reykjavík, verður opin frá kl. 8-16 frá 1. maí til 30. september. – Alpýðubandalagið.

ABR

Fundur Borgarmálaráðs

Borgarmálaráð ABR heldur fund miðvikudaginn 10. maí kl. 17 í risinu Hverfisgötu 105. Fulltrúar munið að sækja fundinn. **Borgarmálaráð**

ABK

Spilakvöld í Kópavogi

Alpýðubandalagið í Kópavogi heldur spilakvöld mánudaginn 8. maí kl. 20.30 í Þinghóli, Hamraborg 11, 3. hæð. Allir velkomnir. **Stjórnin.**

Alpýðubandalagið í Kópavogi

Bæjarmálaráð

fundar 8. maí klukkan 20.30 í Þinghóli, Hamraborg 11. Rætt um skipulags- og atvinnumál. **Stjórnin.**